



Stjórnarfundur 14 mánudaginn 6. júní 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Kristján Geir Guðmundsson, Stefán Jóhannesson.

Afboð og mættu ekki: Hrafnhildur Theódórsdóttir, Brynja M. Ólafsdóttir, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Dagskrá

- Uppgjör mótsins í Laugardalshöll
- Ákvörðun um þáttökugjöld/iðkendagjald
- Það sem er á döfinni, landsliðsmál/mótamál
- Ársþing BLÍ
- Mótið næsta ár, lokakeppni SCD
- Önnur mál

Fundargerð

Uppgjör mótsins í Laugardalshöll

Grétar kom á fundinn og greindi frá munnlega hvernig mótið gekk. Í stuttu máli gekk framkvæmd mótsins vel og þakkaði hann framkvæmdastjóra BLÍ vel fyrir vinnu í kringum mótið sem og hans lykilmálki, Auði Ösp Jónsdóttur og Heiðu Ösp Ingvadóttur. Mikil vonbrigði var að sjá að fáir **áhorfendur** mættu í höllina. Tapið á mótinu er upp á tæpar fjórar milljónir sem er náttúrulega ekki ásættanlegt.

Umfjöllun um mótið fór of seint af stað og það þarf að skipuleggja það miklu betur en talið er að ekki hafi verið nægilega góð kynning á mótinu fyrirfram. Sunna Þrastardóttir var fjölmiðlatengiliður og stóð hún sig frábærlega í því að koma fréttum af leikjunum til fjölmiðla og til CEV.

Markaðsmálin voru ekki nógu góð í þessu móti. Lítið fékkst af styrkjum og auglýsingasala lítil sem engin. Það þarf að vinna þennan hluta betur.

Við vorum með sporttv og voru að meðaltali 4-4200 IP tölur að smella á leikina á dag. Það eru góðar tölur sem við ættum að nota til þess að ná í styrktaraðila.

Fyrir næsta mót þarf að búa til 4-6 manna teymi til að halda vel utan um þessa þætti sem snúa að góðu móti.

Stjórn BLÍ þakkaði Grétari fyrir góða skýrslu og óeigingjarnt starf í kringum mótið. Þeir erlendu gestir sem hingað komu voru ánægð með framkvæmd mótsins í alla staði sem er jákvætt fyrir Blaksamband Íslands.

Ákvörðun um þáttökugjald/iðkendagjald

Umræða frá síðasta stjórnarfundu BLÍ. Gjaldið verður innheimt fyrir hvern skráðan iðkanda frá og með 2. flokki. Árgjaldið verður 2000 kr. Stjórn BLÍ falið að útbúa reglugerð um þetta til samþykktar á ársþingi BLÍ. Þær tekjur sem af þessu koma skal nýta í stækkun Blaksambands Íslands, þ.e. auka starfsemi sambandsins með ráðningu verkefnastjóra sem nýtist í sérhæfð verkefni.

Það sem er á döfinni, landsliðsmál/mótamál

Um næstu helgi er danska kvennalandsliðið að koma til Íslands. BLÍ er að bjóða danska liðinu upp á gistingu, rútuferð og mat á meðan á dvöl þeirra stendur. Ísland og Danmörk spila tvo

vináttulandsleiki, annan þeirra í Fagralundi á föstudagskvöld og hinn í Íþróttahúsinu á Flúðum sem verður jafnframt fyrsti landsleikurinn sem leikinn er í því húsi. Forsætisráðherra Íslands mun heiðra samkomuna með lítilli ræðu fyrir leik og þá mun hann veita þremur leikmönnum landsliðsins silfurmerki Blaksambandsins fyrir 50 spilaða landsleiki, Karen Björg Gunnarsdóttur, Hafsteini og Kristjáni Valdimarssonum.

Kvennalandsliðið er í undirbúningstímabili fyrir undankeppni HM/EM Smáþjóða í LUX síðar í júní og gengur það vel.

Fyrir 1. júní voru skráð inn lið í EM unglunga. Samtals voru skráð fjögur lið til keppni: U16 stúlkur, U17 drengir, U18 stúlkur og U19 drengir. Þetta er risastórt skref fyrir Blaksamband Íslands þar sem þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem sambandið sendir unglingalið til keppni í Evrópumót í blaki.

Mótamálin eru í farvegi og mun mótanefnd funda fljótlega til að ganga frá skráningum og skil á skráningargjöldum. Eftir það er gefið út skipulag deildakeppninnar og mótshelgar og félög beðin um að sækja um að halda mót.

Ársþing BLÍ

Ákveðið var að halda ársþing BLÍ á föstudegi fyrir Haustmót BLÍ um miðjan september. Þingboð verður sent út í ágúst.

Mótið næsta ár, lokakeppni SCD

Það er ljóst að við höldum keppnina og er unnið að því að finna húsnæði og hótél. Það er ekki auðvelt mál þar sem Laugardalshöllin er mjög upptekin.

Önnur mál

Rætt var um landsliðsmál í strandblaki. Sævari falið að útbúa leiðbeiningar um landsliðsmál í strandblaki og gefa það út í frétt á heimasíðu BLÍ.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð